

Breyting á skipulagi að Ægisgrund 8.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi að Ægisgrund 8 í Garðabæ. Breytingin felst m.a. í að skilgreindur er byggingarreitur fyrir bílskúr. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 20. september 2004.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

sveitarstjórnar Dalabyggðar um samþykki deiliskipulags.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Dalabyggðar þann 17. ágúst 2004 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í Snjóksdal I.

Deiliskipulagið tekur til um 15 ha svæðis og gerir ráð fyrir 7 frístundarhúsalóðum og einni lóð fyrir hesthús. Stærð lóðanna er á bilinu 1555 m² til 12557 m² og gert ráð fyrir allt að 80 m² frístundarhúsi að meðtöldu fylgihúsi/geymslu.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Dalabyggð, 11. október 2004.

Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUR

um brottfellingu reglna nr. 164/1997, um bílalyftur og búnað þeirra.

1. gr.

Reglur nr. 164/1997, um bílalyftur og búnað þeirra falla brott.

2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. september 2004.

Árni Magnússon.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.